

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Reyðarfjörður (ytra svæði)



Dags eftirlits	19.09.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sara Atladóttir og Tanja Tómasdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu. Grænu bókhaldi var skilað án fullnægjandi undirritunar þann 30. apríl sl. Umhverfsstofnun barst grænt bókhald með fullnægjandi undirritun þann 2. maí sl. og er frávikinginu því lokið. Ein ábending var sett fram er varðar það að endurskoðuðun umhverfismarkmiða skal skila til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti. Senda skal Umhverfisstofnun endurskoðaða vöktunaráætlun til samþykktar. Og að allir útreikningar vegna útstreymisbókhalds þurfa að fylgja með skilum til Umhverfisstofnunar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Laxa í utanverðum Reyðarfirði. Fiskeldisstöðin er með leyfi fyrir eldi á laxi í sjókvíum á fjórum eldissvæðum, Hafranesi, Rifskeri, Kolmúla og Vattarnesi. Heimildin tekur til eldis á laxi að hámarki 10.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma.

Starfsleyfið tók gildi 23. júní 2022 og rennur út 17. mars 2036.

Umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Verklag við samskipti starfsleyfishafa og eftirlitsaðila
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum
- Önnur mál

Tvö frávik komu fram í eftirliti 2022 sem varða skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi og hefur frávikunum verið lokað. Engar ábendingar voru settar fram.

Farið var yfir neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar, eru hún gildir frá apríl 2023 og er hún endurskoðuð í apríl ár hvert.

Ársyfirliti var skilað þann 26. apríl sl.. Engar athugasemdir eru gerðar við skilin. Grænu bókhaldi án undirskrifta var skilað þann 30. apríl sl. Fullnægjandi bókhaldi var skilað þann 2. maí sl. sem er eftir að frestur til þess rann út.

Vátryggingaskírteini vegna bráðamengunar bárust Umhverfisstofnun þann 25. septemer sl.

Heildarlífmassi á hverjum tíma var undir 10.000 tonnum á stöðinni árið 2022.

Rekstraraðili er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en fylgir ISO14001 staðli. Rekstraraðili fylgir umhverfisstefnu og er með umhverfismarkmið. Til staðar er áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda.

Sjálfvirk fóðurkerfi er til staðar.

Ekki eru notuð efni eða lyf utan sápu, sótthreinsiefna og deyfilyfja og engin lúsalyf.

Losun fosfórs var 7,5 kg/tonnaframleiddum fiski árið 2022, losun samkvæmt starfsleyfi má vera allt að 20 kg/tonn af framleiddum fiski.

Allur dauðfiskur fer í meltu og er sendur til Hortaford í Noregi en melta árið 2022 var 559.683 kg.

Umhverfisstofnun barst í mars sl. yfirlit yfir útsetningu seiða í Vattarnes en rekstraraðili fékk undanþágu frá starfsleyfi þar sem hvíldartími hafði ekki náð 12 mánuðum eins og skylt er skv. starfsleyfi.

Rætt var að öll gögn sem rekstraraðila ber að skila skv. starfsleyfi, skulu koma frá honum en ekki þjónustuaðila hans.

Hið sama gildir um önnur samskipti, þ.e. að rekstraraðili skal senda fyrirspurnir og upplýsingar til eftirlitsaðila en ekki láta þjónustuaðila sinn um slíkt. Eins mun Umhverfisstofnun hafa samband við rekstraraðila, til að koma upplýsingum á framfæri, en ekki þjónustuaðila hans.

Fundarboði fylgdi kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi var skilað án fullnægjandi undirritunar þann 30. apríl s.l. Umhverfisstofnun barst grænt bókhald með fullnægjandi undirritun þann 2. maí s.l. og er frávakinu því lokið.

ÁBENDINGAR

Endurskoðuðum umhverfismarkmiðum skal skila til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti. Í hvert sinn sem vöktunaráætlun er endurskoðuð skal senda hana til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

ANNAÐ

Vegna veðurs var ekki hægt að fara út í kvíar þegar eftirlitið fór fram, Freyr Ævarsson starfsmaður Umhverfisstofnunar, sigldi með stöðvarstjóra og starfsmanni rekstraraðila, að Vattarnesi. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir, öryggisblöð voru til staðar og sýnileg og öll efni geymd á viðeigandi hátt.

Reykjavík, 07.11.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

